



Námsáætlun

SÁLF3fs05 vorönn 2021

Kennari: Sigrún Fjóla Hilmarsdóttir sigrunfh@fg.is

Markmið: Grunnhugmynd áfangans er að skoða hvernig samfélagið mótir hegðun okkar, hugsun og tilfinningar. Einnig hvernig við skynjum og upplifum aðrar manneskjur og hvaða áhrif við höfum á þær. Sérstök áhersla verður lögð á fötlun og fötlunarfræði en nemendur velja sér einnig annað svið til að rannsaka t.d. öldrun, áföll, samkynhneigð, jafnrétti kynja, hælisleitendur, heimilisofbeldi, sjálfsvíg, afbrot, innflytjendur og önnur trúarbrögð eða annað sem samfélagið gjarnan mótir viðhorf okkar gagnvart.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- víðfeðmi og hagnýtu gildi sálfræðinnar
- grundvallarhugmyndum félagssálfræðinnar
- leiðum sálfræðinnar til að útskýra hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar
- mótunaröflum einstaklinga og hópa
- grundvallarhugmyndum fötlunarfræði

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa í og skilja umfjöllun um helstu hugmyndir sálfræðinnar
- beita algengustu hugtökum í fötlunarfræði á skýran hátt
- skoða sína eigin hegðun og annarra út frá hugmyndum sálfræðinnar
- tjá kunnáttu sína á skriflegan hátt
- nota APA kerfið við skrif heimildaritgerða og verkefna
- tjá sig skipulega og á gagnrýninn hátt um einstaka efnisþætti
- [lesa fræðigreinar og fagtímarit](#)

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis á sjálfan sig og aðra sem er metið með ýmsum verkefnum
- gera sér grein fyrir samspili hegðunar, hugsunar og tilfinninga sem er metið með ýmsum verkefnum
- geta með einföldum hætti yfirfært sálfræðilega þekkingu á eigin sjálfsmynd sem er metið með ýmsum verkefnum
- [nemandi öðlist innsýn í fötlunarfræði, hvað telst til fötlunar í dag, áhrif hennar á sjálfsmynd og líf einstaklingsins og að ýmsar hindranir sem](#)



fatlaður einstaklingur mætir tengist fremur félagslegum þáttum en fötluninni sjálfri.

Kennslugögn: *Sálfræði II* – Atkinson og Hilgard (1988). Kaflar 17 og 18 (Nemendur fá lesefni frá kennara). Annað ítarefni frá kennurum

Áfanginn felst að stórum hluta í heimildavinnu fyrir verkefni og fyrirlestra sem tengjast efnispáttunum þannig að nemandi þarf að lesa sér til í ýmsum bókum og ritum og horfa á kvikmyndir. Áfanginn er á þriðja þrepi og felur því í sér kröfur um heimildavinnu samkvæmt APA heimildatílvísunarkerfinu. Heimildir þurfa að vera fræðilegar; skrifaðar af fagmönnum sem tengjast fræðasviðinu. Bent er sérstaklega á gagnagrunnana: proquest.com og pubmed.com ásamt þeim íslenska: leitir.is

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Kynning á áfanga		
02. 1.-5. mars	Félagssálfræði. 17. Kafli. Félagslegt atferli		
03. 08-12. mars	Félagssálfræði. 17. Kafli. Félagslegt atferli		Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Félagssálfræði. 17. Kafli. Félagslegt atferli		Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Félagssálfræði. 18. Kafli. Félagsleg áhrif.		Miðannarmat 25.-26. mars
29. mars-6. apríl	Borða súkkulaði, liggja í leti og spila candy crush		Páskafrí
06. 07.-09. apríl	Félagssálfræði. 18. Kafli. Félagsleg áhrif.		Miðannarmat 7.-9. apríl
07. 12.-16. apríl	Félagssálfræði. 18. Kafli. Félagsleg áhrif.	Próf úr félagssálfræðihluta	
08. 19.-23. apríl	Tímaritgerð skrifuð í kennslustundum alla þessa viku ásamt því að taka próf		Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Fötlunarfræði		Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí			



	Fötlunarfræði		
11. 10.-14. maí	Fyrirlestrarflutningar		Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	Fyrirlestrarflutningar		

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

Ekkert lokapróf er í áfanganum en nemendur verða að ná lágmarkseinkunninni 5 í því eina prófi sem tekið er á önninni. Það er **líka skylda að halda 2 fyrirlestra og fá lágmarkseinkunnina 5 í þeim**. Þá er skylda að vera með 87% mætingu (en aldrei lægri en 70% raunmætingu).

Mikilvægt er að nemendur fylgist vel með allri þjóðfélagssumræðu um málefni tengdum áfanganum á önninni. Í verkefnaöppu verða ýmis tímaverkefni sem unnin verða yfir önnina og efni sem nemendur safna saman og vinna með.

Námsmat:

Próf úr 17. og 18. kafla 20%
Tímaritgerð 20% (nánar kynnt síðar)
Heimildarfyrirlestur og flutningur 20% (nánar kynnt síðar)
Verkefni annarinnar 30%
Ástundun, mæting og smiðja 10%

Smiðja: Nánar auglýst síðar. Smiðjumæting telst vera hluti af ástundun nemenda

Þar sem er lokapróf þurfa nemendur að fá a.m.k. 4,5 í einkunn til að standast áfangann. Allir nemendur þurfa a.m.k. 5,0 í lokaeinkunn til að standast áfangann.